

REGLUR

um breytingu á reglum um slysavarnir í höfnum, nr. 247/2000.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Allar bryggjur skulu búnar vel færum stigum. Þeir skulu ná 1,5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð, vera með auðveldri uppgöngu yfir bryggjukant og málaðir með rauðgulri endurskinsmálningu. Nægjanlegt er þó að mála innbak á þilplötu innan við stigann í fyrrnefndum lit 2 – 3 m niður frá kanti. Ljós skal vera efst í hverjum stiga, nema á flotbryggjum. Lýsingu á bryggjum skal hagað þannig að stigarnir sjáist greinilega. Á flotbryggjum skulu stigarnir ná 1,0 m niður fyrir sjávarborð.

Til viðmiðunar er hér sett sú vísiregla, að hámarksbil milli stiga á nýjum bryggjum sé 15 m. Stigana skal staðsetja eins og heppilegast er talið með tilliti til öryggis. Á flotbryggjum skal vera einn stigi á viðlegubás, en bil milli stiga þó ekki yfir 8 – 15 m eftir aðstæðum.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Á hverju aðskildu hafnarsvæði, en þá er átt við að fjarlægð til næstu viðlegu sé meiri en 200 m mælt eftir eðlilegri gönguleið, skulu vera a.m.k. tveir bjarghringir, tveir krókstjakar a.m.k. 6 m langir og tvö björgunarnet/björgunarlykkja. Stjakarnir skulu málaðir rauðgulri endurskinsmálningu.

Björgunartæki þessi skulu geymd á greinilega merktum, aðgengilegum og upplýstum stöðum.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Á hverju hafnarsvæði skal vera a.m.k. einn bjölluskápur sem tengdur er viðurkenndri vaktstöð sem er á sólahrings vakt, s.s. Neyðarlínan (112), slökkvilið eða lögregla. Við bjölluskáp skal vera blátt leiðbeiningarljós og merking líkt og á brunaboða.

4. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Bryggjukantar skulu málaðir að innanverðu með áberandi ljósgulum lit eða auðkenndri með gulum endurskinsmerkjum 7x50 sm stórum sem komið er fyrir með 50 sm millibili milli merkja.

Samgönguráðuneytinu, 2. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.